

Fimmtudaginn 10. júní 1948.

Nr. 32/1948. Réttvísinn og valdstjórnin

(Hrll. Einar Arnórsson)

gegn

Óskari Þóri Guðmundssyni

(Hrll. Sigurður E. Ólason).

Líkamsárás. Hegningarauki.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt gögnum málsins er eigi unnt að líta svo á, að ákærði hafi átt heimili á Arnargötu 12, er atvik máls þessa gerðust, eða að hann hafi haft ástæðu til að telja, að svo væri. Einnig er ljóst, að ákærði hafði þá að fullu slitið samvistir við konu sína, Guðbjörgu Jónu. Þykir því eigi unnt að ákveða refsingu ákærða með hliðsjón af 4. tölulið 74. gr. laga nr. 19/1940. Hins vegar verður að taka til greina þá staðhæfingu ákærða, að hann hafi framið árásina í mikilli bræði, er hann sá mann hvíla hjá konu þeirri, er hann var eigi skilinn við að lögum. Ber því að ákveða hegningarauka hans með hliðsjón af 75. gr. laga nr. 19/1940 og þykir hann hæfilega tiltekinn 30 daga fangelsi, eins og segir í héraðsdómi. Að öðru leyti ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað við áfrýjun málsins, þar að meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 450 krónur til hvors.

Það er athugavert, að það var látið viðgangast, að ákærði færi af landi burt til langdvalar erlendis, eftir að brot hans varð uppvíst, en áður en réttarpróf í málinu hófust.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði Óskar Þórir Guðmundsson greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti,

hæstaréttarlögmannanna Einars Arnórssonar og Sigurðar Ólasonar, kr. 450.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 31. október 1947.

Ár 1947, föstudaginn 31. október, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni saka-dómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 4466/1947: Réttvísing og valdstjórnin gegn Óskari Þóri Guðmundssyni, sem tekið var til dóms þann 20. sama mánaðar.

Málið er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn ákærða Óskari Þóri Guðmundssyni silfursmið, Fálkagötu 16, hér í bæ, fyrir brot á XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, og lögreglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2 7. janúar 1930 til refsingar, greiðslu sakarkostnaðar og greiðslu skaðabóta.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 8. júlí 1920 í Reykjavík og hefur hann, svo vitað sé, sætt eftirfarandi kærnum og refsingum:

- 1939 $2\frac{1}{4}$ Kærður fyrir ölvun á lokuðum dansleik. Fellt niður.
 1940 $1\frac{1}{4}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 150 kr. sekt og sviptur ökuskirteini í sex mánuði fyrir ölvun við bifreiðarakstur.
 1941 $2\frac{3}{5}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 4 mánaða fangelsi, skil-orðsbundið, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 248. gr., sbr. að mestu 2. gr. hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

Dómur hæstaréttar í sama máli $2\frac{2}{10}$ 1941, 2ja mánaða fangelsi skilorðsbundið fyrir brot gegn 257. gr., sbr. 1. málsl. 48. gr. hegningarlaganna $2\frac{5}{6}$ 1869 og að nokkru gegn 248. gr., sbr. 22. gr. hegningarlaganna nr. 19 12. febrúar 1940, sbr. að nokkru 2. gr. sömu laga. Sviptur kosningarrétti og kjörgengi.

- 1944 $2\frac{1}{11}$ Reykjavík. Sátt, 25 kr. sekt fyrir neyzlu áfengis á veit-ingastað.
 1945 $\frac{7}{4}$ Reykjavík. Sátt, 10 kr. sekt fyrir brot gegn 9. gr. lög-reglusamþykktar Reykjavíkur.
 1947 $\frac{1}{10}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 8 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 155. gr. hegn-ingarlaganna.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Um miðjan marz mánuð 1945 fengu þau ákærði og Jóna Guðbjörg Guðmundsdóttir, Arnargötu 12, sem verið höfðu þá í hjónabandi um nokkurt skeið og áttu saman eitt barn, leyfi til skilnaðar að borði og sæng. Eftir að þau fengu leyfi þetta, tóku þau saman aftur og bjuggu saman öðru hvoru þrátt fyrir það. Stóð svo þar til ákærði

fór til útlanda í ágústmánuði 1946. Erlendis dvaldi ákærði þar til 11. desember s. l. og kveðst hann þá hafa litið svo á, að hann ætti enn þá lögheimili á Arnargötu 12, þar sem Jóna Guðbjörg bjó. Ekki hafi hann þó búið hjá henni, eftir að úr utanförinni kom.

Aðfaranótt þess 16. desember s. l. var ákærði nokkuð undir áhrifum áfengis. Um kl. 2 um nóttina lagði hann leið sína að húsinu nr. 12 við Arnargötu og var ætlan hans að hitta þar Jónu Guðbjörgu. Hafði hann ekki lykla að húsinu og fór hann því inn um glugga í kjallaranum og komst þannig inn í húsið. Fór hann síðan upp á loft í húsinu, en þar svaf Jóna Guðbjörg. Herbergi hennar var ólæst, og fór nú ákærði inn í það og tendraði þar ljós. Sá hann þá, að karlmaður hvíldi í rúminu hjá Jónu Guðbjörgu. Kveðst nú ákærði hafa gengið að rúminu, svipt sænginni ofan af þeim Jónu Guðbjörgu og manningum, sem var sofandi, tekið í hann og dregið hann fram í eldhús. Er þangað kom, segir ákærði manninn hafa vaknað og búizt til varnar. Kveðst hann þá hafa tekið hann og og varpað honum niður stigann, sem liggur ofan af loftinu, en ekki hafi hann (þ. e. ákærði) greitt manningum eitt einasta högg, áður en hann varpaði honum niður stigann og ekki segir hann manninn heldur hafa komið á sig neinu höggi. Eftir þetta telur ákærði vel geta verið, að hann hafi tekið fót manns þessa og hent þeim niður stigann á eftir honum, en mótmælir því hins vegar, að hann hafi aðhafzt nokkuð annað eftir þetta, en beðið átekta, þar til lögreglumenn komu á staðinn, en hann hafi vitað, að þeir hafi verið til kvaddir, eftir að viðureign hans og mannsins átti sér stað. Það, sem hann gerði meðan á þeirri viðureign stóð, kveðst hann hafa gert í mikilli bræði. Segir hann, að hann hafi að visu gert ráð fyrir, að einhver snurða væri hlaupin á sambúð þeirra Jónu Guðbjargar og hans eftir að hann kom úr utanförinni og hafi hann þá vitað, að hún væri orðin honum fráhverf, en þrátt fyrir þetta hafi hann, eins og fyrr segir, talið heimili sitt hjá henni, þótt ekki hafi hann búið þar frá því hann kom til landsins, nokkrum dögum áður en viðureign þessi átti sér stað, en hann kveðst enga hugmynd hafa haft um það þá, að Jóna Guðbjörg væri tekin saman við annan mann, og sjálfur kveðst hann ekki hafa verið heitbundinn, er þetta gerðist. Maður sá, sem ákærði varpaði niður stigann í umrætt skipti, heitir Guðmundur Guðmundsson sjómaður, Arnargötu 12 og var hann 22 ára að aldri, er það gerðist. Hann hefur skýrt þannig frá við rannsókn málsins, að hann hafi verið næturgestur hjá Guðbjörgu Jónu þá nótt, sem hér ræðir um, og hafi þau sofið í sama rúmi. Kveðst hann hafa verið sofandi, er ákærði kom inn, og gerir hann ráð fyrir því, að hann hafi hafið árássina á sig með því að greiða sér högg, hægra megin á hálsinn, aftan við eyrað og muni hann við það hafa misst meðvitund og ekki raknað við fyrr en hann lá fyrir neðan stigann. Hefur hann því enga lýsingu getað gefið á því, hvernig árásin hafi farið fram að öðru leyti. Guðmundur telur, að ákærði hafi kastað fótum sínum eftir

sér niður stigann og einnig er það álit hans, að hann hafi hellt yfir sig vatni, þar sem hann lá fyrir neðan stigann.

Auk áverka á hálsi, sem áður getur, viðbeinsbrotnaði Guðmundur við árás þessa, og hefur Halldór Hansen læknir lýst meiðslum hans og liðan eftir árásina þannig í vottorði, útgefnu þann 29. júní s. l.:

„Guðm. Guðmundsson, Laugavegi 24 B, lá á Landakotsspítala frá $1\frac{1}{2}$ 1946— $2\frac{1}{2}$ 1946, vegna viðbeinsbrots.

Hann fór að vinna aftur 20. jan. 1947.“

Kveðst Guðmundur hafa verið óvinnufær í 1 mánuð vegna meiðsla þessara, en taldi sig að mestu vera búinn að ná sér eftir þau, er hann var yfirheyrður þann 19. júlí s. l. Þó kveðst hann enn finna til þreytu í handlegg við erfiðisvinnu, vegna viðbeinsbrotsins. Ekki segir Guðmundur ákærða, sem hann þekki ekki neitt, hafa sýnt sér áreitni síðan árás þessi átti sér stað. Hann lét þess getið við yfirheyrslu þann 19. júlí s. l., að þau Jóna Guðbjörg væru þá opinberlega heitbundin.

Af margnefndri árás er ekki vitað nema um einn sjónarvott. Er það Jóna Guðbjörg Guðmundsdóttir, sem fyrr hefur verið nefnd. Hefur hún skýrt þannig frá sem vitni við rannsókn málsins.

Það segir þau Guðmund bæði hafa verið sofandi, er ákærði kom inn í herbergi þeirra. Segir það hann hafa verið búinn að fara úr skónum þá og hafa farið mjög hljóðlega, en er hann kom inn í herbergið, kveðst vitnið hafa vaknað. Virtist því ákærði vera með öllu ódrukkinn. Ekki hefur það getað lýst gangi árásarinnar nákvæmlega, en sá, að ákærði dró Guðmund sofandi fram úr rúminu og varpaði honum síðan niður stigann. Vitnið kveðst hafa séð, að Guðmundur hafi verið búinn að fá áverka á höfuð, áður en ákærði færði hann niður stigann, en ekki veit það, hvornig hann hlaut hann, því að ekki hafi það séð ákærða misþyrma honum sérstaklega, áður en hann kastaði honum niður stigann. Eftir að Guðmundur var fallinn niður stigann, kveður vitnið ákærða ekki hafa skipt sér frekar af honum, en beðið þar til lögreglumenn komu á vettvang. Enga tilraun hafi Guðmundur gert til að verja sig, meðan ákærði fékkst við hann, enda telur vitnið hann þá hafa verið meðvitundarlausan. Hins vegar hafi ákærði hótad að drepa Guðmund, ef vitnið gerði nokkra tilraun til að koma honum til hjálpar, meðan hann átti við hann. Það hefur látið þess getið, að ákærði hafi komið til þess, til að sjá dreng þann, er þau ákærði eiga, 4 ára að aldri, eftir að hann kom til landsins, en áður en árás þessi átti sér stað, en hins vegar telur það útilokað, að hann hafi komið í þeim erindagerðum að þessu sinni, þar eð drengurinn hafa að sjálfsgöðu verið í fasta svefni á þessum tíma sólarhringsins (kl. 2—3 um nótt).

Vitnið hefur játað það rétt vera, að þau ákærði hafi búið saman öðru hvoru frá því þau fengu leyfi til skilnaðar að borði og sæng þar til í ágústmánuði 1946, enda hafi hann ekki tekið leyfi þetta alvarlega, er honum bauð svo við að horfa.

Það kveðst hafa haldið og haft ástæðu til þess, að þau ákærði væru skilin að skiptum, er hann kom til landsins í desembermánuði s. l., enda hafi það þá vitað, að hann væri heitbundinn konu þeirri, sem hann nú er kvæntur.

Kvödd hafa verið sem vitni í máli þessu þau Jósef Sigurðsson verkamaður og Sesselja Stefánsdóttir húsfrau, bæði til heimilis á Arnargötu 12 hér í bæ. Voru þau bæði í fasta svefni, er ákærði kom inn í húsið umrædda nótt, og fylgdust því ekki með gangi árásar hans á Guðmund Guðmundsson. Vitnið Sesselja varð hans þó vart, meðan hann dvaldi í húsinu og hringdi það því á lögregluna, þar eð það gerði ráð fyrir, að hann væri ölvaður og bezt færi á því, að hann færi út úr húsinu.

Ekki er vitað, hvaða lögreglumenn handtóku ákærða eftir árásina.

Þess skal að lokum getið, að þau ákærði og Jóna Guðbjörg fengu lögskilnað þann 6. janúar s. l.

Það verður að telja mannlegt og að vissu leyti eðlilegt, að ákærða rynni í skap, er hann sá karlmann hvíla hjá konu, sem hann var ekki að lögum skilinn við og hafði búið með til skamms tíma, og, að því er hann sjálfur telur, á sínu eigin heimili. Af þessum sökum ber að ákveða refsingu ákærða fyrir verknað hans með hliðsjón af 4. tölu-lið 74. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Hins vegar telst ákærða engin heimild hafa komið til að ná sér niðri á andstæðingi sínum með þeim hætti, sem hann gerði. Hlýtur athæfi sem það, að varpa manni, ósjálfbjarga eða meðvitundarlausum, niður stiga, jafnan að hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar í för með sér, enda urðu meiðsli Guðmundar Guðmundssonar við þennan verknað ákærða ekki meiri en efni stóðu til. Með tilliti til meiðsla þeirra, sem Guðmundur hlaut, er því litið svo á, að ákærði hafi með athæfi sínu brotið 218. gr. hinna almennu hegningarlaga.

Hins vegar telst ákærði ekki hafa brotið ákvæði lögreglusamþykktar Reykjavíkur með atferli sínu, og ber því að sýkna hann af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu.

Með tilliti til þess, að ákærði var dæmdur í aukarétti Reykjavíkur þann 1. þ. m. fyrir brot á XVII. kafla almennra hegningarlaga, ber samkvæmt 1. mgr. 78. gr. hegningarlaganna að dæma honum hegningarauka fyrir umrætt brot og þykir hann, samkvæmt 218. gr. hinna almennu hegningarlaga, hæfilega ákveðinn fangelsi í 30 daga.

Guðmundur Guðmundsson hefur við rannsókn málsins krafizt þess, að ákærða verði gert að greiða sér kr. 7600.05 í bætur fyrir greidda læknishjálp, atvinnumissi og óþægindi. Kröfu þessa hefur hann sundurliðað og rökstutt að nokkru með vottorðum. Ákærði hefur mótmælt kröfu þessari í heild og byggir hann mótmæli sín á því, að hann telji sig hafa svo miklar málsbætur í máli þessu, að hann sé ekki skaðabótaskyldur gagnvart Guðmundi vegna meiðsla hans.

Þar eð sú niðurstaða er þegar fengin, að ákærði hafi með sak-

næmum og refsiverðum hætti átt sök á meiðslum Guðmundar, þykir rétt að hann greiði honum hæfilegar skaðabætur. Telst fyrsti liður kröfunnar, kr. 400.05, fyrir greiddan lækniskostnað nægilega rökstuddur, og verður hann því tekinn til greina. Annar liður skaðabótakröfunnar er kr. 2200.00 fyrir atvinnumissi. Telst sannað, að Guðmundur hafi verið óvinnufær vegna meiðslanna frá 16. desember 1946 til 20. janúar 1947. Miðað við kaupgjald á umræddum tíma telst þessi liður ekki óeðlilega hár, og verður hann því einnig tekinn óbreyttur til greina. Þá hefur Guðmundur loks krafizt 5000 króna bóta fyrir óþægindi vegna meiðsla þeirra, er hann hlaut við margnefnda árás. Óvarlegt þykir að taka þennan lið að fullu til greina, þótt ljóst sé hins vegar, að Guðmundur eigi heimtingu á hæfilegum bótum fyrir óþægindin úr hendi ákærða. Teljast bætur fyrir þau eftir atvikum hæfilega ákveðnar kr. 1500.00. Samkvæmt þessu ber að dæma ákærða til að greiða Guðmundi Guðmundssyni kr. 4100.05.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í máli þessu, Sigurðar Ólasonar hrl., kr. 300.00.

Á rekstri máls þessa hefur orðið nokkur dráttur og stafar hann af því, að ákærði dvaldi erlendis frá því laust eftir síðustu áramót, þar til síðast í júnímánuði s. l.

D ó m s o r ð:

Ákærði Óskar Þórir Guðmundsson sæti fangelsi í 30 daga.

Hann greiði Guðmundi Guðmundssyni kr. 4100.05 í skaðabætur innan 15 daga frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólason hrl., kr. 300.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.